

14. marz.

47

Nr. 21.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir bandaríska og kanadíska ríkisborgara.

Frá og með deginum í dag að telja eru bandarískir og kanadískir ríkisborgarar, er ferðast vilja til Íslands, undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín (visum) samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar frá 24. maí 1937.

Undanþága þessi gildir eingöngu um ferðamenn og veitir rétt til allt að þriggja mánaða dvalar hverju sinni, en veitir hins vegar ekki rétt til að stunda atvinnu hér á landi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. marz 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

19. marz.

Nr. 22.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Skrifstofa félags- og framfærslumála fer með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík undir yfirstjórn borgarráðs og borgarstjóra.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Reykjavík er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er borgarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi borgarráðs, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins, hafi t. d.

B 7